



Lestrarstefna Egilsstaðaskóla

Ábyrgðarmenn: Harpa S. Höskuldsdóttir, Ruth Magnúsdóttir, Sigurbjörg Hvönn Kristjánsdóttir, Dagbjört Kristinsdóttir.

Efnisyfirlit

.....	1
Inngangur	3
Lestraraðferðir.....	4
Byrjendalæsi	5
Orð af orði	5
Pals (Peer assistand learning strategies)	6
Hraðlestrarþjálfun	6
Yndislestur	6
Kennsluforrit.....	6
Spil og leikir	6
Upplestur	6
Litla upplestrarkeppnin	6
Stóra upplestrarkeppnin.....	7
Bókmenntir/kjörbók.....	7
Heimalestur	7
Lesskilningur	7
Gagnvirkur lestur:.....	8
Hugarkort	8
KVL- aðferð	8
SSLSR aðferðin (skoða, spyrja,lesa, segja, rifja upp).....	8
Skimanir.....	9
Dagsetningar fyrir skimanir sem Skólaskrifstofa Austurlands leggur fyrir	9
Aðrar skimanir	9
Skimunarpróf.....	10
Leið til læsis	10
Læsi.....	10
Hljóðfærni.....	10
Orðarún	10
Logos- lestrarskimun	10
Lesfimiþróf.....	11
Lestrarviðmið Lesferils Menntamálastofnunar	11
Bókasafnið	11
Sumarlestur	12

Mat á lestrarlagi	12
Samræmd könnunarpróf.....	12
Greiningarpróf.....	12

Inngangur

Lestur er lykillinn að öllu námi og því þarf lestrarkennsla eða lestrarþjálfun á öllum stigum skólans að vera með fjölbreyttu sniði. Á öllum stigum þarf lestrarþjálfunin að vera áhugaverð og áhugahvetjandi fyrir nemendur. Lestrarkennsla þarf að fylgja nemendum upp allt skólastigið og gefa þarf nemendum svigrúm og tækifæri til lesturs.

Meginmarkmið með lestrarstefnu Egilsstaðaskóla er að hafa sameiginlega sýn og stefnu til að bæta lestrarfærni nemenda á öllum stigum. Í lestrarstefnunni er hugmyndum skólans um lestrarnámið settar fram og þær lestraraðferðir sem skólinn hefur yfir að ráða, skimanir og greiningar á lestrarerfiðleikum.

Auknar kröfur eru í samfélaginu um færni fólks í að geta skrifað margvíslega texta og að geta tjáð sig skriflega. Lestur og ritun á öllum stigum skólans eiga að hafa forgang og hafa mikið vægi í skólastarfinu, þar sem skólinn lítur á þá þætti sem undirstöðupætti annars náms.

Mikilvægt er að vekja og viðhalda ánægju nemenda af lestri og hvatningu til lestrar. Hvert stig skólans finni leiðir til þess að vera með lestrarstundir, ljóðavikur, lestrarspretti, þátttöku í stóru og litlu upplestrarkeppninni, yndislestrarstundum, heimalestur, upplestur úr eigin verkefnum o. m.fl.

Nemendur með lestrarerfiðleika fá aukna þjálfun og úrræði hjá sérkennara. Lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun. Haft er samráð við leikskólakennara áður en nemendur hefja skólagöngu og þeir nemendur sem greinst hafa með erfiðleika með matstækinu Hljóm í leikskóla fá sérstaka athygli og aðstoð. Einnig er vel fylgst með þróun í lestrarnáminu hjá yngstu nemendum með ýmsum matstækjum. Ef grunur vaknar um erfiðleika í lestri er brugðist við því, ýmist með sérkennslu eða öðrum sérúrræðum, eins og aðlögðuðu efni. Ef erfiðleikar eru viðvarandi fær nemandinn áframhaldandi aðstoð sérkennara. Hljóðbækur og hlustunarefni eru mikilvæg hjálpartæki fyrir nemendur með lestrarerfiðleika.

Nemendur með annað tungumál hafa ólíkan menningarlegan, mállegan og námslegan bakgrunn og hafa því misjafnar forsendur til náms í íslenskum skólum. Leitast er við því að brúa málþroska í móðurmáli og íslensku þannig að þeir geti viðhaldið sínu móðurmáli eins og við verður komið. Bókasafn skólans reynir eftir föngum að styrkja bókakost á erlendum tungumálum, sem eru móðurmál nemenda í skólanum. Millisafnalán milli bókasafna hjálpa einnig til við að veita nemendum lesefni við hæfi á sínu móðurmáli, samhliða íslensku. Nemendur í 9. og 10. bekk geta stundað netnám í sínu móðurmáli hjá Tungumálaveri Laugalækjarskóla.

Lestraraðferðir

Lestrarkennsluaðferðir, lestrarþjálfun	1.-3. bekkur	4.-7. bekkur	8.-10. bekkur
Byrjendalæsi			
Orð af orði			
Lestu nú			
Yndislestur			
Heimalestur			
Upplestur			

Upplestrarkeppni*			
Lestur námsbóka			
Bókmenntir/kjörbók			

*4 bekkur Litla upplestrarkeppnin og 7. bekkur Stóra upplestrarkeppnin

Byrjendalæsi

Á yngsta stigi er kennt samkvæmt aðferðum Byrjendalæsis. Byrjendalæsi er samvirk kennsluáferð í lestri og er höfð í öndvegi fyrir 1., 2. og 3. bekk. Aðferðin hefur það meginmarkmið að nemendur á yngstu árunum nái góðri færni í læsi sem fyrst. Unnið er með merkingarbæran lestexta sem kveikir áhuga nemenda og forvitni. Unnið er í lotum með ákveðið lesefni og það bútað niður í fjöldamörg verkefni.

Meginmarkmið með byrjendalæsi er að góður árangur náist í lestri sem allra fyrst á skólagöngunni. Gengið er út frá því að börn þurfi að fá lesefni sem kveiki áhuga þeirra, ýti undir ímyndunaraflid og hvetji til gagnrýninnar hugsunar. Margs konar gæðatexti er lagður til grundvallar lestrarkennslunni og nýttur sem efniviður í tæknilega vinnu, s.s. með stafi og hljóð jafnt sem vinnu með orðaforða, skilning og lestur af ýmsu tagi.

Unnið er með tal, hlustun, lestur og ritun sem eina heild. Ennfremur eru sértækir þættir móðurmálsins tengdir inn í ferlið, svo sem hljóðvitund, rétttritun, skrift, orðaforði, setningabygging og málfræði.

Í byrjendalæsi er mikið lagt upp úr félagastuðningi nemenda í hópavinnu. Leikir og spil efla samskipti þar sem nemendur styðja hver annan. Nemendur verða virkir þátttakendur og námið verður skemmtilegt.

Á yngsta stiginu eru námsgreinar í samfélagsfræði og náttúrufræði tvinnar inn í Byrjendalæsi og unnið með sérstaka námsþætti í lotum. Farið er eftir lífsleikniáætlun skólans við val á viðfangsefni hverju sinni. Einnig eru verkefni í Byrjendalæsi samþætt við önnur viðfangsefni sem skólinn tekur þátt í hverju sinni.

Orð af orði

Orð af orði er kennslufræði sem hefur þann tilgang að efla læsi og námsárangur barna og ungmenna. Lögð er áhersla á að nám er félagslegt og þegar nemendur vinna saman og ræða saman stuðlar það að betra valdi á orðaforða, orðræðu og því námsefni sem fengist er við.

Orð af orði byggir á því að skipuleggja þurfi orðakennslu til langs tíma, hún þurfi að fela í sér að efla sem best málnotkun í námsumhverfinu, að kenna markvisst mál, orð og hugtök, að kenna nemendum stig af stigi aðferðir sem þeir geta notað sjálfstætt til að greina merkingu orða og að byggja upp aukna orðvitund.

Í Orði af orði er lögð áhersla á samvinnu og samræðu og að hvetja nemendur til virkrar þátttöku í náminu. Stuðst er við margar ólíkar aðferðir og fjölbreytilega námstækni. Lögð er áhersla á yfirferð í námi sem tryggir þekkingu og góðan skilning, virkan orða- og hugtakaforða þannig að nemendur læri ekki aðeins, heldur geti jafnframt miðlað þekkingu sinn

Pals (Peer assistand learning strategies)

Á miðstigi er lestraraðferðin **PALS (Peer assistand learning strategies)** eða **Pör lesa saman** (félagastuðningur) þar sem nemendur vinna saman í pörum og þjálf lestrarfærni og lesskilning með endursögn, að draga saman efnisgreinar og forspá. Unnið er með PALS þrjár kennslustundir á viku í 12 vikur á haustönn.

Hraðlestrarþjálfun

Nemendur á miðstigi æfa hraðlestur með því að lesa upphátt í 3 mínútur daglega í eigin texta (býflugulestur). Tilgangurinn er að auka þann tíma sem hver nemandi les upphátt og þjálf þannig lipurð og ritháttarminni.

Á haustönn taka nemendur í 8. og 9. bekk þátt í námskeiði í þjálfun á hraðlestri. Námskeiðið er í þrem kennslustundum á viku í 12 vikur í senn. Markmiðið með námskeiðinu er að fá nemendur til þess að auka hraða sinn í lestri og í senn eftirtekt á lestrartextanum. Unnið er með hraðlestrarefnið „Lestu nú“ ásamt verkefnaheftum.

Yndislestur

Allir nemendur skólans nýta 15 - 20 mínútur daglega til yndislestrar þar sem lesið er í bókum að eigin vali. Með yndislestri er markmiðið að auka áhuga nemenda á lestri og efla lesfimi þeirra. Með því að gefa nemendum tækifæri til aukins lesturs í skólanum er það von skólans að nemendur fái jákvætt viðhorf til lesturs sem síðar tengist árangri þeirra í námi. Með daglegum lestri er það líka von skólans að nemendur lesi sér til ánægju seinna á lífsleiðinni einnig utan skóla. Þeir nemendur sem eiga við lestrarörðugleika og hafa aðgang að Hljóðbókasafni Íslands býðst að hlusta í staðinn á bækur að eigin vali. Haft er samráð við foreldra varðandi aðgang.

Kennsluforrit

Kennsluforrit er góð þjálfun fyrir lestur. Á heimasíðunni <http://www.mms.is/> eru gagnleg forrit sem einnig eru spjaldtölvuvæn.

Spil og leikir

Á yngsta stiginu eru spil og leikir stór þáttur í lestrarkennslunni. Mörg skemmtileg spil eru til þess að þjálf heiti bókstafa og hljóð þeirra. Rímleikir, æfing með hljóðgreiningu, og vinna með samsett orð henta vel í byrjendakennslu í lestri.

Upplestur

Markmið er að þjálf upplestur markvisst frá upphafi skólagöngu. Markmið skólans er að fjölga upplestrarviðburðum. Foreldrum er boðið í heimsókn í lok verkefna og nemendur lesa upp afrakstur sinn. Nemendur æfa upplestur í tengslum við upplestrarkeppnir og árshátíðir. Þjálfun í upplestri fer einnig fram heima. Stuðst er við ramma um lestrarlag frá Menntamálastofnun og fá foreldrar matsviðmiðin send heim.

Litla upplestrarkeppnin

Nemendur í 4. bekk taka þátt í Litlu upplestrarkeppninni sem hefst í tengslum við dag íslenskrar tungu. Lögð er áhersla á góða samvinnu við heimilin. Markmiðið með litlu upplestrarkeppninni er að nemendur geti lesið upphátt fyrir sig og aðra. Í keppninni eru allir sigurvegarar og fá allir við kenningarskjöl.

Stóra upplestrarkeppnin

Nemendur í 7. bekk taka þátt árlega í Stóru upplestrarkeppninni. Keppnin byrjar árlega í tengslum við dag íslenskrar tungu. Verðandi 1. bekkingar sem enn eru í leikskóla koma í heimsókn á bókasafnið og lesa nemendur í 7. bekk sögu fyrir börnin í nokkrum hópum. Við þjálfun að stóru upplestrarkeppninni er lögð áhersla á upplestur og framsögn. Valin er hópur nemenda sem tekur þátt í lokakeppninni eða Héraðskeppni.

Bókmenntir/kjörbók

Nemendur á mið- og unglingastigi lesa bókmenntatexta og fyrir fram ákveðnar bókmenntir og fer lestur fram bæði í skóla og heima. Valdar Íslendingasögur eru lesnar fyrir nemendur. Ýmis verkefni fylgja lestrinum T.d. myndræn eða verkleg verkefni og bókmenntaritgerðir.

Framhaldssaga er lesin fyrir nemendur á yngsta og miðstigi og efni bókar rædd.

Heimalestur

Markmiðið með heimalestri er að nemendur fái nauðsynlega þjálfun í lestri. Heimalestur er hluti af heimanámsstefnu skólans og mikilvægt að foreldrar sinni því að hlusta á barnið sitt lesa upphátt a.m.k. 5 sinnum í viku. Með reglubundum heimalestri eru foreldrar frekar í stakk búnir til þess að fylgjast með lestrarframvindu barnsins. Foreldrar geta fylgst með framvindu lestrar hjá barni sínu í gegnum Mentor og eins fá foreldrar sendar heim upplýsingar um framvindu í lestri skvt lestrarprófum /Lesferill sem vistuð er á síðu Menntamálastofnunar. Fyrir utan það að hlusta á barnið lesa er líka mikilvægt að lesið sé upphátt fyrir börnin, þar með eflist málþroski barnanna og lesskilningur. Umræður um efni bókar efla orðaforða og skilning á hugtökum og þar með lipurð í lestri. Kennarar leiðbeina um val á heimalestrarbók og mikilvægt er að nemendur ráði vel við þann texta sem lesinn er upphátt heima.

Matsramma og umfjöllun um lestrarlag er að finna á heimasíðu mms.is:

https://mms.is/sites/mms.is/files/matsrammi_leidbeiningar_0.pdf

Lesskilningur

Á öllum skólastigum er unnið með fjölbreyttar lesskilningsaðferðir. Í byrjendalæsinu á yngsta stigi eru lesskilningsaðferðir kynntar og kenndar eftirtaldar aðferðir til þess að efla lesskilning barna.

Margar af þessum aðferðum eru svo nýttar á mið- og elsta stigi.

- Gagnvirkur lestur
- Hugarkort
- Kví- aðferðin (kann, vil vita, lært)
- Forspá
- Samantekt munnleg
- Túlkandi umræða
- Samlestur
- Munnleg og skrifleg úrvinnsla verkefna
- SSLSR aðferðin (skoða, spyrja, lesa, segja, rifja upp)

Lesskilningur, kennsluaðferðir og þjálfun	1.-3. bekkur	4.-7. bekkur	8.-10. bekkur
Gagnvirkur lestur			
Hugarkort			
K-V-L lesskilningsaðferð			
Forspá			
Samantekt munnleg			
Túlkandi umræða			
Samlestur			
Munnleg og skrifleg úrvinnsla verkefna			
SSLSR			

Gagnvirkur lestur:

Felst í því að nemendur lesi texta og hugi vel að því um hvað hann fjallar. Spái síðan fyrir því hvað gerist í lok textans. Gagnvirkur lestur er hluti af PALS-lestraraðferðinni. Aðferðin er félagsleg í byrjun þar sem nemendur spá fyrir um söguþráðinn og seinna fer hver og einn að nýta sér aðferðina til lesskilnings.

Hugarkort

Hugarkort er kort sem sýnir tengsl hugtaka, hugmynda eða verkefna. Hugarkort er lesskilningsaðferð til þess að flokka og raða hugmyndum á myndrænan hátt. Hugarkort er námstækni sem nýtist nemendum vel í margs konar vinnu s.s. við sögugerð, ritgerðarsmíð, greina vandamál og leit að lausnum .

KVL- aðferð

Kann, vil vita, hef lært er aðferð sem hjálpar nemendum að greina niður efnið sem unnið er með.

k-kann	v-vil vita	l- hef lært
Hér skráir nemandinn það sem hann kann um efnið	Nemandinn skráir niður þau atriði sem hann langar að vita meira um	Nemandinn skráir niður þau atriði sem hann lærði.

SSLSR aðferðin (skoða, spyrja,lesa, segja, rifja upp)

Aðferðin byggir á fimm þrepum sem nefnast skoða, spyrja, lesa, segja, rifja upp.

1. Nemendur skoða textann sem þeir eru að lesa. Lesa fyrirsagnir og millifyrirsagnir, skoða myndir, töflur og lesa myndatexta.
2. Nemendur spyrja spurninga sem þeir hugsanlega fá svör við úr kaflanum. Þúar eru til spurningar úr hverjum hluta og fyrirsögnum breytt í spurningar ef hægt er. Spurningarnar eru skráðar niður, þannig gera nemendur sér betur grein fyrir því hvað mikilvægt er í kaflanum.
3. Í þriðja þrepinu er komið að því að lesa kaflann. Nemendur fá svör við spurningum sínum og skrifa þau niður.
4. Hér spyrja nemendur sig hvað þeir hafi verið að lesa og segja frá aðalatriðum með eigin orðum. Þeir skrá niður með eigin orðum en ekki beint upp úr bókinni.
5. Síðan er komið að því að rifja upp efnið sem lesið var. Skimað yfir fyrirsagnir og spurningum svarað. (Tekið úr *Fluglæsi* eftir Rósu Eggertsdóttur)

Skimanir

Reglulega eru lagðar skimanir í lestri fyrir nemendur til að kanna framfarir og stöðu þeirra í lestri. Í tengslum við verkefnið Bættur námsárangur hefur Skólaskrifstofa Austurlands sett fram dagsetningar um skimanir í ákveðnum árgöngum. Í framhaldi af lestrarskimunum á yngsta stigi fara deildarstjóri sérkennslu og umsjónarkennarar yfir niðurstöður. Lagt er nánari mat fyrir nemendur ef þurfa þykir s.s. mat á hljóðkerfisvitun í 1. bekk. Niðurstöður eru einnig bornar saman við niðurstöður úr Lesferilsprófi. Brugðist er við niðurstöðum sem eru undir viðmiðum með einstaklingsmiðuðu námsefni, stuðningi í bekk, ráðgjöf til foreldra og kennara. Einnig er þörf á sérkennslu metin. Gerð er aðgerðaráætlun til þess að fara eftir þegar kennsluráðgjafi Skólaskrifstofu hefur skilað niðurstöðum. Eftir hverja skimun í lestri eru niðurstöður sendar heim til foreldra.

Dagsetningar fyrir skimanir sem Skólaskrifstofa Austurlands leggur fyrir

Skimun	Dagsetning	Ábyrgð	Skil til skóla
Logos skimun 3. Bekk	Janúar	SKA	Febrúar
Logos skimun 6. Bekk	október	SKA	Nóvember
Logos skimun 9. bekk	september	SKA	Október
Orðarún 5. bekkur	Október	Umsjónarkennari/SKA	Nóvember
Orðarún 8. bekkur	Október	Umsjónarkennari/SKA	Nóvember

Aðrar skimanir

Bekkir	Skimanir og dagsetningar	Ábyrgð
1. bekkur	Tove Krogh - teikniþróf - sept Leið til læsis- október Læsi 1 – nóvember Læsi 2 – febrúar Læsi 3 – apríl	Umsjónarkennari - deildarstjóri Umsjónarkennari og SKA Umsjónarkennari – SKA Umsjónarkennari – Ska Umsjónarkennari – Ska
2. bekkur	Læsi 1- nóvember Læsi 2- febrúar Lesferill – september, janúar og maí	Umsjónarkennari – SKA Umsjónarkennari – SKA Umsjónarkennari og deildarstjóri
3. bekkur	Logos- janúar Talnalýkill – nóvember Orðarún- október og apríl	SKA SKA Umsjónarkennari
4.	Samræmt próf Lesferill – september, janúar og maí Orðarún – október og apríl	Umsjónarkennari/skólastjórnendur Umsjónarkennari/deildarstjóri Umsjónarkennari/deildarstjóri
5.	Orðarún- október og apríl Lesferill – september, janúar og maí	Umsjónarkenni- SKA Sérkennari/deildarstjóri
6.	Logos- október Orðarún – október og apríl Lesferill – september, janúar og maí	SKA Umsjónarkennari Umsjónarkennari/sérkennari
7. bekkur	Orðarún- október og apríl	Umsjónarkennari

	Samræmt próf Lesferill – september, janúar og maí	Umsjónarkennari/skólastjórnendur Umsjónarkennari/sérkennari
8.	Orðarún- október og apríl Lesferill – september, janúar og maí	Umsjónarkennari – SKA Umsjónarkennari/sérkennari
9.	Logos- september Samræmt próf Lesferill – september, janúar og maí	SKA Umsjónarkennari/skólastjórnendur Umsjónarkennari/sérkennari
10.	Lesferill – september, janúar og maí	Umsjónarkennari/sérkennari

Skimunarpróf

Leið til læsis

Leið til læsis er lesskimunarpróf sem lagt er fyrir nemendur í 1. bekk og er þá kannað hversu vel nemendur eru undirbúnir að takast á við lestrarnám. Þar sem prófin eru stöðluð er hægt að fylgjast með því hvar hver og einn stendur sig í lestrarfærni miðað við aðra jafnaldra. Prófin gefa kennurum upplýsingar og vísbendingar um styrkleika og veikleika eða nemendur sem gætu verið í áhættuhópi vegna lestrarerfiðleika.

Læsi

Læsi er lagt fyrir nemendur í 1. og 2. bekk . Niðurstöður Læsisprófanna eru sendar til Skólaskrifstofu Austurlands sem fylgist með framvindu lestrarnáms hjá nemendum. Í samvinnu við deildarstjóra sérkennslu eru fundnar leiðir til þess að þjálfa sérstaklega þá nemendur sem eru í áhættu með lestrarerfiðleika (dyslexiu).

Hljóðfærni

Hljóðfærni er greiningarpróf fyrir börn í 1. bekk sem teljast í áhættuhópi vegna lestrarörðugleika. Prófið er lagt fyrir nemendur í kjölfar niðurstaðna úr Leið til læsis skimunarprófi. Með prófinu er lagt mat á færni nemenda í hljóðkerfisvitund og hljóðavitund. Niðurstöður prófanna eru svo nýttar til þess að skipuleggja þjálfun fyrir nemendur.

Orðarún

Orðarún er staðlað lesskilningspróf fyrir 3.-8. bekk . Prófið er lagt fyrir til þess að leggja mat á það hversu vel nemendur skilji meginefni lestextans og geti áttað sig á staðreyndum og hvort þau geti lesið milli línanna og dregið ályktanir af því sem þau lesa. Prófin eru lögð fyrir bekkina tvisvar á skólaári. Prófið er lesið fyrir þá nemendur sem eru með lestrarerfiðleika.

Logos- lestrar skimun

Logos greiningarpróf er rafrænt próf til þess að greina lestrarerfiðleika barna frá 3.bekki til 10. bekk og byggir á rannsóknum um lestrarfærni. Prófið er þýtt úr norsku og staðlað fyrir íslenska nemendur. Þættir úr prófinu eru nýttir til skimunar í lestri og eru lagðir fyrir þættirnir leshraði, leskilningur, lestur með hljóðaaðferð, lestur út frá rithætti og stafsetning. Nánari upplýsingar um prófið má finna á vefslóðinni: <http://www.logos-test.is>

Lesfimiþróf

Reglulega eru lesfimiþróf lögð fyrir alla nemendur skólans. Niðurstöðurnar eru til þess gerðar að fylgjast með framvindu lestrarnáms. Deildarstjóri sérkennslu og umsjónarkennarar hafa umsjón með því að prófin séu tekin og fylgjast með lestrarframvindu.

Prófin eru miðlæg inni á heimasíðu Menntamálastofnunar og nefnast Lesferill. Þau eru lögð fyrir þrisvar á ári í september, janúar og maí. Hraði er mældur í orðum á mínútu en einnig eru rangt lesin orð reiknuð inn í niðurstöður. Sama prófið er lagt fyrir í september og maí. Niðurstöður hvers nemanda birtast í línuriti og fá foreldrar þau eyðublöð ýmist send heim eða afhent í samstarfsviðtölum. Gefin eru upp þrjú viðmið í prófinu 90% viðmið, 50% viðmið og 25% viðmið. Þeir nemendur sem ná 90% viðmiði hafa náð lágmarksviðmiðum því miðað er við að 90% nemenda á landinu hafi náð þeirri færni. Meðalfærni er við 50% viðmiðið og góð færni við 25% viðmiðið.

Lestrarviðmið Lesferils Menntamálastofnunar

Bekkur	Orð á mínútu		
	90% viðmið	50% viðmið	25% viðmið
1.	20	55	75
2.	40	85	100
3.	55	100	120
4.	80	120	145
5.	90	140	160
6.	105	155	175
7.	120	165	190
8.	130	180	210
9.	140	180	210
10.	145	180	210

* Viðmiðin eru sett fram sem frammistaða í lok skólaárs/í maí

Ef nemendur mælast með frammistöðu undir 90% viðmiði er hugað sérstaklega að stuðningi eða sérkennslu fyrir þau. Frammistaða er einnig borin saman við aðrar athuganir. Þeir nemendur sem hafa fengið staðfesta lestrarerfiðleika fá sérstaka aðstoð og frammistaða þeirra ávalt metin út frá þeirra eigin frammistöðu og framförum í námi.

Auk lesfimiþrófanna eru í heimasíðu Menntamálastofnunar próf sem meta lestur eftir rithætti og lestur orðleysis. Þau próf segja til um hvort nemandi hafi náð góðu valdi á að geta lesið hratt og kalli hratt fram orðmyndir við lestur oig hvort nemandi geti nýtt sér hljóðlestraraðferð við að lesa ókunnug orð hratt og rétt. Þessi próf eru lögð fyrir með Logos skimun í 3., 6. og 9. bekk. Sérkennari nemenda og kennarar meta hvort þau noti prófin og meti þannig færni nemenda nánar, en talið er ástæðulaust að nota þau fyrir nemendur sem hafa náð góðri lestrarfærni.

Bókasafnið

Bókasafnið gegnir lykilhlutverki í lestrarkennslunni og er lífæð lestrarnámsins, því þar hafa nemendur aðgang að bókum. Rannsóknir sýna að ef hlúð er að skólabókasafni og séð til þess að viðunandi fjármagn sé til ráðstöfunar í endurnýjun og viðbætur á bókakosti, hefur það jákvæð áhrif á nám og lestraráhuga. Á bókasafninu er kennari sem leiðbeinir nemendum um val á bókum. Þar hafa nemendur aðgang að tölvum og hafa tækifæri til þess að fá leiðsögn um skrifleg verkefni s.s.

bókmenntaritgerðir og önnur ritunarverkefni. Í verkefninu um bættan námsárangur er stefnt að að því að auka útlán á bókasafninu.

Sumarlestur

Bókasafn Fljótsdalshéraðs hefur undanfarin sumur efnt til Sumarlestrar. Skólinn hefur hvatt nemendur til þess að taka þátt í verkefninu. Einnig senda kennarar foreldrum ábendingar um sumarlestur t.d. lestrarbingó sem börnin taka þátt í með foreldrum sínum.

Mat á lestrarlagi

Stuðst er við matsramma frá Menntamálastofnun. Þegar lestrarlag nemanda er metið þarf hann að lesa aldursvarandi texta sem hann hefur æft sig á. Þessir þættir eru metnir: Tjáning og raddstýrkur, Hendingar (hljómfall, hrynjandi), Flæði (texti lesinn að mestu án hiks), Hraði (miðað við talmálshraða).

Foreldrar fá matsramma sendan heim til að metið stöðu hjá sínu barni og fá leiðbeiningar eftir þörfum.

Samræmd könnunarpróf

Samræmd könnunarpróf í íslensku eru lögð fyrir nemendur í 4. 7. og 10. bekk árlega að hausti. Prófin eru fyrst og fremst upplýsingar til nemenda, foreldra og kennara um stöðu hvers og eins nemanda. Niðurstöður prófanna eru skoðaðar og metnar, gerð er aðgerðaráætlun um það hvernig mæta skuli hverju og einu barni.

Greiningarpróf

Til þess að greina lestrarerfiðleika/dyslexia er lagt fyrir **Logos-** lestrargreining í 18 þáttum fyrir 3.-10. bekk. Prófið er það sama og notað er til skimunar. Hægt er að fylgjast með framförum nemenda þegar prófið er tekið nokkrum sinnum. Þættirnir greina færni í leshraða, lesskilningi, skilningi á hlustun, umkóðunarfærni, annarri lestrartengdri færni og stafsetningu. Skólaskrifstofa Austurlands sér oftast um fyrirlögn. Nánari upplýsingar um prófið má finna á vefslóðinni: <http://www.logos-test.is>